



Alþingi
Erindi nr. P 136/1004
komudagur 4.3.2009

2. mars 2009
SI-49575

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 20. febrúar 2009 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, 321. mál, útgreiðsla séreignarsparnaðar.

Ljóst er af efni frumvarpsins að tekið hefur verið tillit til sjónarmiða af því tagi sem fram komu í umsögn Seðlabankans við annað frumvarp um sams konar efni (þingmál nr. 279 á yfirstandandi þingi) um að of miklar útgreiðslur séreignarsparnaðar kunni að valda lífeyrissjóðum og öðrum vörsluhöfum séreignarsparnaðar erfiðleikum. Ákvæði 3. gr. frumvarpsins um að takmarka greiðslu við eina milljón króna og binda hana við jafnar mánaðarlegar greiðslur, ásamt heimild vörsluhafa séreignarsparnaðar til að fresta þessum útgreiðslum miða auglýsilega að því marki að girða fyrir að þessi aðstaða komi upp.

Ráða má af frumvarpinu að markmið þess séu í reynd tvíþætt, þ.e. að koma til móts við stöðu skuldara og að búa í haginn fyrir efnahagsbata.

Að opna fyrir almennar útgreiðslur til allra eigenda séreignarsparnaðar, óháð einstaklingsbundnum aðstæðum þeirra, skapar hins vegar hættu á meiri eftirspurn eftir útgreiðslum en vörsluhafar geta í raun annað. Þótt vörsluhafar hafi sem fyrr heimild til þess að fresta útgreiðslum þá myndi eftirspurn umfram getu vörsluhafa til að greiða út sparnað auka líkurnar á því að þeir neyti þessarar heimildar. Því yrði minna umleikis fyrir þá sem þurfa á því að halda að taka út séreignarsparnað sinn vegna fjárhagslegra erfiðleika. Ef annað meginmarkmiða laganna er að skapa ný félagsleg úrræði fyrir þá sem eru verst staddir fjárhagslega til skemmri tíma vegna nýlegra efnahagsáfalla þá er hætt við að þau markmið náist ekki ef allir eiga sama rétt til takmarkaðrar útgreiðslu, óháð aðstæðum og mati á þörf.

Ákvæði 5. og 6. gr. frumvarpsins bera þess merki að leitast er við að taka tillit til félagslegra aðstæðna með því að koma í veg fyrir að útgreiðsla séreignarsparnaðar leiði til skerðingar barna- og vaxtabóta, svo og atvinnuleysisbóta. Á hinn bóginn kemur ekki fram í frumvarpinu að lagt

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605


hafi verið á það pólitískt mat hvort rétt sé að láta sambærilegar reglur gilda um skerðingu námslána og tekjutengdar endurgreiðslur þeirra.

Í afar þröngri stöðu ríkissjóðs er ljóst að lagabreyting þessi auðveldar stjórnvöldum að ná þeim markmiðum um aðhald og sjálfbæra þróun ríkisfjármála sem sett eru fram í efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og lúta að því að verja afkomu ríkissjóðs á þessu ári og bæta á því næsta. Ef allt það fé sem losnar til útborgunar er greitt út geta beinar skatttekjur hins opinbera aukist um allt að 34 ma.kr. og ráðstöfunartekjur heimilanna aukist um 55 ma.kr. Ekki er þó líklegt að til svo mikilla útgreiðslna komi þar sem ekki er hagstætt fyrir innstæðueiganda að hliðra til tekjum með þessum hætti nema ráðstöfunartekjur hans í dag dugi ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum. Meirihluti aukinna ráðstöfunartekna færi því líklega til að standa skil á afborgunum skulda frekar en til aukinnar neyslu. Reynslan sýnir að mjög aukinnar sparnaðarhneigðar gætir hjá heimilum við efnahagsáföll líkum því sem nú ríður yfir Ísland. Áhrifm á innlenda eftirspurn yrðu því frekar takmörkuð og myndu tæpast breyta efnahagshorfum umtalsvert, þótt áhrif á efnahags einstakra heimila geti orðið veruleg.


Að öðru leyti tekur Seðlabanki Íslands ekki afstöðu til frumvarpsins.

Beðist er velvirðingar á síðbúnu svari bankans.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Svein Harald Öygard
seðlabankastjóri



Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri